

Ríkharrður Ibsen

Ríkharrður Ibsen er fæddur í Reykjavík 21.06.1975 en hefur alla tíð verið búsettur í Keflavík. Ríkharrður er giftur Stellu Norðdal Gísladóttur flugfreyju og eiga þau tvö börn - Rafn Ibsen Ríkharrðsson og Ingibjörgu Norðdal Ríkharrðsdóttur. Fjölskyldan býr að Freyjuvöllum 20 - 230 Reykjanesbæ. Ríkharrður Ibsen hefur starfað sem framkvæmdastjóri Geothermal Resource Park ehf. frá 2014 og við viðskiptaráðgjöf. Hann hefur einnig unnið náið með Cornell háskóla í bandaríkjunum frá 2010. www.grp.is



Ríkharrður hefur setið í stjórn fjölmargra fyrirtækja og stofnana. Ríkharrður var einn af stofnendum Samtaka atvinnurekenda á Reykjanesi og fyrsti formaður samtakanna 2010. Hann starfaði einnig sem framkvæmdastjóri atvinnurekenda á Reykjanesi frá 2014-2016. Hann sat t.d. í stjórn Íslandsstofu frá 2013 til 2017. Ríkharrður var stjórnarformaður Kólku - Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja frá 2010 - 2013 og stýrði umbreytingarferli fyrirtækisins. Á árunum 2003 til 2014 starfaði Ríkharrður sem framkvæmdastjóri Turnkey Consulting Group og sem framkvæmdastjóri Blue Diamond. Hann rak einnig í áratug Orkuverið Jörð – sýningu í Reykjanesvirkjun þar sem gestir voru fræddir um sérstöðu Íslands í orkumálum og Auðlindagarðinn á Reykjanesi. Ríkharrður hefur unnið við viðskiptaráðgjöf og gert fjölda viðskiptaáætlana fyrir ýmiss fyrirtæki og stofnanir.

Ríkharrður hefur sótt fjölda námskeiða í gerð og kynningu viðskiptaáætlana heima og erlendis. Hann stundaði markaðsfræðinám við Viðskiptaskólann í Reykjavík frá 1998-2000 og nám í gæðastjórnun hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Áður var Ríkharrður í Verzlunarskóla Íslands frá 1991-1994 og í Fjölbautarskóla Suðurnesja frá 1994-1995. Með námi vann Ríkharrður m.a. við bókhaldsdeild Varnarliðsins M.W.R., kenndi við Grunnskóla Njarðvíkur, tók lausaróðra á Happsæl KE94 og vann fyrir Flugleiðir m.a. við gagnavinnslu fyrir ISO-staðla.

Ríkharrður hefur verið virkur í pólitísku starfi og félagsstörfum í gegnum árin. Hann hefur gegnt ýmsum nefndarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn og sat m.a. í framtíðarnefnd flokksins 2012-2013. Hann var formaður Heimis félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ í 6 ár. Hann sat í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna. Hann var stjórnarmaður í Fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Reykjanesbæ í mörg ár. Hann var varabæjarfulltrúi í Reykjanesbæ 1994-1998, 2002-2006 og hefur setið í fjölmörgum stjórnnum og ráðum sem bæði formaður og varformaður. Ríkharrður hefur verið varabæjarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn síðastliðin 4 ár og situr m.a. í umhverfis- og skipulagsráði Reykjanesbæjar, í stýrihóp um endurskoðun aðalskipulags og í framtíðarnefnd Reykjanesbæjar.

Ríkharrður hefur einnig staðið fyrir opnum pólitískum laugardagsfundum á Kaffi DUUS í Reykjanesbæ frá upphafi ársins 2000 og eru fundirnir nú orðnir 578 talsins. Fjöldi gesta hefur sótt þá heim, m.a. ráðherrar og þingmenn, ýmsir leiðtogar úr viðskiptalífinu, forsetaframbjóðendur og prestar.

Ríkharrður hefur verið viðloðandi starf kirkjunnar og m.a. komið að söfnunarátaki fyrir nýtt orgel Keflavíkurkirkju. Ríkharrður er meðlimur í FAXA, elsta starfandi málfundafélag landsins og frímúrari.

Áherslumál: Sjálfstæðar og öflugar sóknir. Opin og gagnsæ stjórnsýsla. Góður og skynsamlegur rekstur. Markaðs- og ímyndarmál. Áhugamaður um lifandi kirkju og menningarlegrar tengingar hennar við samfélagið.